



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

46. tölublað 5. árgangur júlí-ágúst 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Holtasóley (þjóðarblómið)



Aukaföt-tæming

Allir að muna að tæma aukaföt (bæði inni og úti) áður en farið er í sumarfrí, óskilamunir fara í nytjagám við sumarlokun.



Gjöld

Engin leikskólagjöld verða rukkuð fyrir júlí mánuð nema fyrir þau börn sem hætta við sumarfrí. Í staðinn verður ágúst mánuður greiddur að fullu.

Samskiptaboðorðin

Horfa (augnsamband)

Heilsa (einlægur áhugi)

Hlusta (veita athygli)

Hljóma (jálkvæður raddblær)

Hrósa (hvetja)

Hjálpa (vera til staðar)



Kæra skólasamfélag

Góðan dag gott fólk!

Nú styttest óðum í sumarfrí hjá okkur en síðasti dagur fyrir frí er föstudagurinn 8. júlí. Veðrið hefur aldeilis leikið við okkur og við höfum lagt okkur fram við að vera sem mest úti og njóta frelsis, hreina loftans og alls þess sem við erum svo heppin að hafa í kringum okkur á Íslandi. Dagarnir hafa verið ljúfir og spilaðir eftir eyranu með áherslu á frjálsa leikinn og áhuga barnanna hverju sinni. Við óskum ykkur gleðistunda í sumarfríinu og við hlökkum til að sjá ykkur aftur hress og kát í ágúst er við byrjum 5. starfsár skólans.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Kennsla í 1.-4. bekk hefst 24. ágúst

Eftir vonandi gott sumarfrí mæta nemendur á ný miðvikudaginn 24. ágúst samkvæmt stundaskrá kl. 08⁰⁰. Nánari upplýsingar um skólabyrjun, skólaakstur, stundaskrá ofl. verður sent til foreldra um miðjan ágúst sem og birt á heimasíðu skólans.

Eins og í fyrra er ekki um að ræða foreldraviðtöl í upphafi skólaárs en slíkt formlegt samtal er 5. október þar sem kennari og nemandi/foreldrar hittast og fara yfir fyrstu vikur skólaársins og leggja línur um þær næstu.

Innkaupalisti nemenda er á heimasíðu skólans en nemendur í 1. bekk þurfa ekki að kaupa neitt þar sem Promens gefur öllum 1. bekkingum skólatösku og námsgögn.

Sjáumst í skólanum!

Skóladagatal 2016-2017

Skóladagatal skólaárs nr. 5 veturinn 2016-2017
Hefur verið samþykkt og er komið á vefinn.

Skóladagatal 2016-2017 sjá hér.

Allt um skólabyrjun og lokanir 2016-2017



Ábyrgð og skyldur á grunnskólastigi

Við upphaf nýs skólaárs er hollt fyrir alla og nauðsynlegt að kynna sér ábyrgð og skyldur. Hér má lesa reglugerð sem fjallar um hlutverk nemenda, foreldra og starfsfólks á grunnskólastigi. Þar segir m.a.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. **Starfsfólk** skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar.



Skólaganga barns er samvinnuverkefni heimilis og skóla

Foreldrafundur 31. ágúst

Miðvikudaginn 31. ágúst er foreldrafundur í skólanum kl. 17⁰⁰.

Á fundinum verður farið yfir starf vetrarins á leik- og grunnskólastigi, skólanámskrá, stundaskrár og dagskipulag, lestur og læsi, samskipti heimilis og skóla, ábyrgð og skyldur skóla, nemenda og foreldra, foreldrafélag, skólaráð, skráningu í ávaxta- og eða mjólkuráskrift og mataráskrift á grunnskólastigi, leikskólagjöld, frístund, upplýsingar á neyðarkorti yfirfarnar og ýmislegt fleira sem þarf að hafa í huga við upphaf skólaárs.



Allir að reyna að mæta, sjáumst í skólanum!

Opnunartími, símanúmer, heimasíða, skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 8-16.

Síminn er 460-4970, Kötlukot 460-4973, skólastjóri 460-4971

Vinsamlegast kynnið ykkur skóladagatal 2016-2017 svo allt sé á hreinu!

Munið eftir myndasafninu á heimasíðunni hér.





Við erum á Facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>








námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Viðburðadagatal júlí 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

				1	2	3
4	5	6	7	8 Agnes Anna 2 ára 	9	10
11 Sumarfrí	12 Sumarfrí	13 Sumarfrí	14 Sumarfrí Soffía Dröfn 3 ára 	15 Sumarfrí Ísadóra 8 ára 	16	17
18 Sumarfrí	19 Sumarfrí	20 Sumarfrí	21 Sumarfrí	22 Sumarfrí	23	24
25 Sumarfrí	26 Sumarfrí	27 Sumarfrí	28 Sumarfrí	29 Sumarfrí	30	31
						

Viðburðadagatal ágúst 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
1 Sumarfrí Frídagur verslunarmanna	2 Sumarfrí	3 Sumarfrí	4 Sumarfrí Ólafur Örn 7 ára 	5 Sumarfrí	6 Fiskidagurinn mikli	7
8 Sumarfrí	9 Sumarfrí	10 Kötlukot opnar 07:45 	11	12 Elvira Rós 2 ára 	13	14
15	16	17	18	19 Andrea Ýr 5 ára 	20	21
22	23	24 Kennsla hefst á grunnskólastigi kl. 8⁰⁰ 	25	26	27	28
29	30	31 Foreldrafundur í skólanum kl. 17⁰⁰ 